



## Vorfjarnám 2019

# Þjálfaramenntun 1. og 2. stigs ÍSí

Vorfjarnám 1. og 2. stigs þjálfaramenntunar ÍSí hefst mánudaginn 11. febrúar nk. og tekur það átta vikur á 1. stigi en fimm vikur á 2. stigi. Námið er almennur hluti menntakerfisins og gildir jafnt fyrir allar íþróttagreinir. Sérgreinapátt þjálfaramenntunarinnar sækja þjálfarar hjá viðkomandi sérsambandi ÍSí hverju sinni.

Nám beggja stiga er allt í fjarnámi, engar staðbundnar lotur. Námið hefur verið afar vinsælt undanfarin ár og þátttakendur komið frá fjölda íþróttagreina. Námið veitir réttindi til íþróttþjálfunar og jafnframt rétt til áframhaldandi náms til frekari réttinda. Þáttökugjald á 1. stig er kr. 30.000.- og öll námskeiðsgögn eru innifalin í því verði. Þáttökugjald á 2. stig er kr. 28.000.- og öll námskeiðsgögn eru innifalin.

Skráning er rafræn og þarf henni að vera lokið fyrir föstudaginn 8. febrúar. Rétt til þátttöku á 1. stigi hafa allir sem lokið hafa grunnskólaprófi. Til þátttöku á 2. stigi þarf að hafa lokið 1. stigi, hafa gilt skyndihjálparnámskeið og 6 mánaða starfsreynslu sem þjálfari.

Slóð á skráningu á bæði stig í vorfjarnámi þjálfaramenntunar ÍSí 2019:

<http://isi.is/fraedsla/thjalfaramenntun-isi/skraning-i-thjalfaramenntun/>

Allar nánari uppl. um fjarnámið og aðra þjálfaramenntun ÍSí gefur Viðar Sigurjónsson í síma 514-4000 & 863-1399 eða á [vidar@isi.is](mailto:vidar@isi.is)